

Framfærslugrunnur námsmanna erlendis

Tillögur um aðferðafræði
við ákvörðun og uppfærslu

Nóvember 2014



ANALYTICA
ÁHÆTTU- OG FJÁRFESTINGARÁÐGJÖF

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli.....	2
Samantekt.....	3
1 Núverandi staða	4
2 Hlutverk og eiginleikar framfærslugrunns.....	5
3 Hvað er talið með í framfærslugrunni?	5
4 Aðferðafræði.....	7
4.1 Viðmið til mats á framfærslu	7
4.2 Möguleikar í aðferðafræði.....	10
4.3 Tillögur	12
Heimildaskrá	15

Formáli

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Viðfangsefnið er að setja fram tillögur að nokkrum leiðum við endurskoðun á framfærslugrunni LÍN fyrir námsmenn erlendis.

Undanfarin ár hefur LÍN einkum stuðst við upplýsingar frá lánasjóði sænska námsmanna (Centrala studiestödsnämnden - CSN) við ákvörðun framfærslugrunns námsmanna erlendis. Nú stendur til að breyta aðferðafræði CSN í þá veru að miða stuðning við framfærslugrunn námsmanna heimafyrir. Er það einn aðalhvattinn að þessari athugun.

Gert er ráð fyrir að þessi skýrsla sé sú fyrri af tveimur og að á grunni hennar geti stjórn LÍN tekið ákvörðun um það á hvaða aðferðafræði skuli byggt varðandi ákvörðun og uppfærslu á framfærslugrunni námsmanna erlendis. Í seinni skýrslu mun vera gerð tillaga að framfærslugrunni fyrir þau lönd þar sem íslenskir námsmenn stunda nám og þiggja námslán fyrir námsárið 2015-16.

Skýrslan er unnin á grunni þeirra heimilda sem getið er í heimildaskrá en auk þess var sjónarmiða afluð á fundum með fulltrúum LÍN. Þá var afluð gagna um þá ráðgjöf sem háskólar erlendis veita væntanlegum nemendum varðandi framfærslukostnað á viðkomandi stöðum. Um var að ræða umtalsverða gagnavinnu og tölfræðireikninga í tengslum við verkefnið.

Skýrslan er einkum unnin af hagfræðingunum Yngva Harðarsyni MA og Halldóri Andersen MSc en auk þess kom Vignir Jónsson hagfræðingur að vinnslu hennar.

Samantekt

LÍN hefur stuðst við upplýsingar frá CSN um áætlaða framfærslu í einstökum löndum en þrátt fyrir það er og hefur verið talsverður munur á áætlaðri framfærslu á milli þessara aðferða og áberandi mikill fyrir einstök lönd.

Framfærslugrunnur LÍN þarf að **(i)** vera ásættanlegur mælikvarði á framfærslu námsmanna og **(ii)** getað þjónað sem viðmið vegna lánveitinga.

Grunnframfærslu er skipt í fjóra flokka: mat og persónuleg útgjöld, bækur og fatnað, tryggingar og húsnæði. Tryggingum er haldið utan við athugun Analytica á framfærslu enda veitir LÍN sérstök lán vegna þeirra skv. úthlutunarreglum.

Reiknilíkan var útbúið þar sem notast var við gögn af heimasíðunni numbeo.com og upplýsingar af heimasíðum ýmissa háskóla sem algengt er að íslenskir námsmenn sækji. Niðurstaða líkansins er á þá leið að framfærsluáætlanir skólanna eru marktækt viðmið en líkanið útskýrir um 95% af breytileika í áætlunum háskóla.

Draga má þá ályktun af áætlunum háskólanna um framfærslu (og af niðurstöðu líkansins) að samþykkt framfærsla LÍN eða CSN sé ekki besti kostur sem grunnur til framreiknings framfærslu. Þá bendir bakreikningur til þess að illa hefði gefist í fortíðinni að notast við innlendan framfærslugrunn vegna óstöðugleika í efnahagsumhverfinu.

Það er mat Analytica að traustasti grunnurinn sem unnt sé að byggja á séu áætlanir einstakra skóla um framfærsluútgjöld. Þrátt fyrir að sú aðferð feli í sér töluverða vinnu við upplýsingaöflun í upphafi þá er líklegt að sú vinna skili sér vel til langs tíma auk þess sem tiltölulega einfalt væri að uppfæra slíka framfærslu á grunni undirvísitalna samræmdrar vísitölu neysliverðs (HICP).

Samanburður á bakreikningi m.v. reiknilíkan við framfærslugrunn LÍN bendir til þess að um umtalsverða hagsmuni sé að ræða fyrir LÍN sem og námsmenn erlendis.

1 Núverandi staða

Skv. upplýsingum frá LÍN eru námsmenn við ca. 600 skóla erlendis í tæplega 40 löndum. Algengt er að einungis einn íslenskur nemandi stundi nám í tilteknum skóla þótt einnig sé algengt að margir Íslendingar stundi nám við sama skóla. Þannig eru flestir íslenskir námsmenn 94 í einum skóla.

Það leiðir af þessu að námsmenn eru í mörgum tilvikum á víð og dreif í þeim löndum sem um ræðir og því háttar gjarnan þannig til að framfærslukostnaður sé mismunandi innan hvers lands. Á það þó einkum við húsnæðisliðinn.

Undanfarin ár hefur LÍN einkum stuðst við upplýsingar frá lánasjóði sænska námsmanna (Centrala studiestödsnämnden - CSN) við ákvörðun framfærslugrunns námsmanna erlendis. CSN mun hafa ákvarðað sitt viðmið á grunni athugunar á vegum sænsku utanríkisþjónustunnar, þ.e. einhvers konar könnunar á framfærslukostnaði í hverju landi. Annars liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um aðferðafræðina sem CSN hefur beitt.

Skv. upplýsingum LÍN mun nú standa til að breyta aðferðafræði CSN í þá veru að miða stuðning við framfærslugrunn námsmanna heimafyrir. Þetta kallar óhjákvæmilega á breytingar á aðferðafræði LÍN. Þá mun LÍN hafa verið með í athugun skekkjur sem taldar hafa verið í framfærslugrunninum fyrir einstök lönd.

Í töflu 1 eru samantekin nokkur dæmi um samþykka grunnframfærslu erlendis pr. mánuð fyrir skólaárið 2014-15, skv. úthlutunarreglum LÍN. Til samanburðar eru tölur frá CSN um stuðning sem fáanlegur er meðal sænskra námsmanna erlendis.

Tafla 1: Dæmi um samanburð á framfærslu námsmanna í algengum námslöndum¹

	Mynt	LÍN	CSN
Norðurlönd			
Danmörk	DKK	9 179	8 617
Noregur	NOK	9 342	9 556
Svíðþjóð	SEK	9 979	9 004
Önnur Evrópulönd			
England (Ldn)	GBP	1 247	1 051
Skotland	GBP	1 122	1 051
Frakkland	EUR	1 239	1 354
Holland	EUR	1 210	1 179
Ítalía	EUR	1 409	1 506
Slóvakía	EUR	1 070	983
Spánn	EUR	1 229	1 136
Sviss	CHF	2 655	1 403
Ungverjaland	EUR	1 370	940
Þýskaland	EUR	1 170	918
Önnur lönd			
Bandaríkin A	USD	2 033	2 149
Bandaríkin B	USD	1 800	
Kanada	CAD	1 776	1 975
Japan	JPY	200 352	207 787
Til hliðsjónar			
Ísland	ISK	149 460	157 597

Af töflu 1 má ráða að þrátt fyrir að þrátt fyrir að LÍN hafi stuðst við upplýsingar frá CSN á einhverjum tímamarki þá er nú talsverður munur á áætlaðri framfærslu og áberandi mikill í einstaka löndum.

¹ Heimild: Samanburður á norrænu lánasjóðunum 2014-2015, LÍN 2014

2 Hlutverk og eiginleikar framfærslugrunns

Skv. 1. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er hlutverk sjóðsins að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Í 3. gr. laganna segir að miða skuli við að námslán nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns. Í greininni er síðan stjórn sjóðsins falið það hlutverk að setja nánari ákvæði um úthlutun námslána. Í greinargerð með lagafrumvarpinu um þetta hlutverk stjórnar kemur fram að þar sé Alþingi að bregðast við álitum umboðsmanns Alþingis frá 2010 um að breytingar á úthlutunarreglum þurfi að kynna fyrir fram með skýrum og glöggum hætti og nægjanlegum fyrirvara þannig að þeir sem málið snerti hafi raunæft tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir.

Ákvæði hliðstætt því sem nú er að finna í 3. gr. laganna kom inn með nýjum lögum um LÍN árið 1967. Á þeim tíma var lögunum einnig breytt í þá veru að stjórn sjóðsins var falið það hlutverk að gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur sem fylgt væri á hverjum tíma. Skv. greinargerð með frumvarpinu frá 1967 var talinn nauðsynlegur undanfari úthlutunarreglna að gerð yrði alhliða könnun á námskostnaði íslenskra námsmanna heima og erlendis. Ljóst er að tillögur stjórnar fela í sér tillögur um ríkisframlag og eins og segir í frumvarpinu þá var eitt markmið með núverandi fyrirkomulagi að forðast það að fram kæmu tilmæli úr ýmsum áttum um ríkisframlag á síðustu stundu.

Af framangreindu er ljóst að framfærslugrunnur LÍN gegnir lykilhlutverki í tengslum við hlutverk sjóðsins. Framfærslugrunnurinn er óaðskiljanlegur hluti úthlutunarreglna sjóðsins og varðar hlutverkið bæði það markmið að tryggja námsmönnum framfærslu sem og að mynda grunn að tillögu um ríkisframlag. Þá er mikilvægt að um skilvirkt fyrirkomulag sé að ræða þannig að námsmenn í sumum löndum njóti ekki óhóflegs ríkisframlags á sama tíma og námsmenn í öðrum löndum hafa tæpa framfærslu. Þessu til viðbótar má benda á að það mun ávallt vera svo að ófullkomnar upplýsingar liggi fyrir um raunverulegan námskostnað og framfærslu eftir dvalarstað en slíkur kostnaður er vitanlega að einhverju leyti háður útsjónarsemi námsmanna. Því má halda fram að ávinningur kunni að vera af því að það reyni á útsjónarsemi námsmanna. Slíkt feli bæði í sér sparnað fyrir námsmenn sjálfa og fyrir LÍN.

Mikilvægt er að skýrt sé hvaða eiginleikum framfærslugrunnur þurfi að búa yfir. Af umfjölluninni hér að framan má ráða að nauðsynlegir eiginleikar séu a.m.k. tveir:

- 1) Að vera ásættanlegur mælikvarði á hóflega framfærslu námsmanna.
- 2) Að geta þjónað sem viðmið vegna lánveitinga og um framlög ríkissjóðs.

Við þetta má bæta æskilegum eiginleikum, s.s.:

- a) Þægilegt/ódyrt að bæta löndum og/eða borgum við framfærslugrunn,
- b) þægilegt/ódyrt að uppfæra framfærslugrunn á milli ára.

Hinir æskilegu eiginleikar stafa af því að ómögulegt er að sjá fyrir alla mögulega námsstaði og óþarfi að leggja vinnu í að útbúa framfærslugrunn fyrir staði sem ólíklegt er að námsmenn muni leita til. Þá þarf að vera þægilegt að uppfæra grunninn á milli ára á markvissan og gegnsæjan hátt án þess að þurfa að endurtaka mikið af þeirri vinnu sem þegar hefur átt sér stað.

3 Hvað er talið með í framfærslugrunni?

Framfærslugrunnur er eilítið breytilegur á milli landa með hliðsjón af þeim liðum sem eru innifaldir í honum. Þrátt fyrir það er unnt að skipta grunnframfærslu í fjóra grófa flokka: Mat og persónuleg útgjöld, bækur og fatnað, tryggingar og loks húsnæði.


Eitt skýrasta dæmið um breytileika í framfærslugrunni er liðurinn tryggingar. Hérlandis eru sjúkratryggingar reknar af hinu opinbera og geta íslenskir námsmenn nýtt sér rétt innan Evrópska efnahags-svæðisins (auk Sviss) sem fæst á grunni evrópska sjúkratryggingakortsins. Kortið staðfestir rétt

korthafa til heilbrigðisþjónustu sem verður nauðsynleg á meðan á tímabundinni dvöl stendur í EES landi og nær til læknishjálpar og lyfja. Kortið gildir hins vegar eingöngu innan hins opinbera sjúkratryggingakerfis í dvalarlandinu og nær ekki til einkarekinna sjúkrastofnunar. Í öðrum heimshlutum er jafnan þörf á öðrum tryggingum, s.s. í BNA, Kanada og Japan.

Skv. úthlutunarreglum LÍN geta námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar sótt um lán til að mæta þeim kostnaði að hámarki kr. 350 þús. á skólaárinu 2014-2015. Aðeins eru veitt lán fyrir sjúkratryggingum umfram 5% af grunnframfærslu. Vegna þessa er sjúkratryggingum haldið sérstaklega utan við þessa athugun á framfærslugrunni.

Á mynd 1 má sjá dæmi um hlutfallslega skiptingu útgjalda í framfærslu námsmanna við 15 erlenda háskóla skv. útgjaldaáætlunum viðkomandi háskóla. Útgjaldaáætlanir eru yfirleitt birtar á heimasíðum einstakra skóla til upplýsingar fyrir væntanlega nemendur og til að auðvelda þeim áætlanagerð. Sjúkratryggingar eru dregnar frá umræddum áætlunum.

Mynd 1: Hlutdeild útgjaldaliða í grunnframfærslu við valda skóla²



Eins og sjá má á myndinni er hlutfallslegt vægi einstakra liða nokkuð breytilegt á milli borga þótt vægið sé einnig áþekkt fyrir nokkrar borgir. Þannig vegur húsnæðisliðurinn álíka mikið í Osló, Gautaborg, London, Amsterdam, Madrid, Zurich og Berlín. Húsnæðisliðurinn vegur hins vegar áberandi lítið í Debrecen í Ungverjalandi. Mögulega er húsnæðisliðurinn þar vanmetinn en í kjölfar fyrirspurnar var upplýst um að um að ræða herbergi sem háskólinn í Debrecen útvegar.

Eins og áður hefur komið fram þá er sú framfærsla sem stjórn LÍN hefur samþykkt undanfarin ár byggð á mati sænska lánasjóðsins CSN. Engin sundurliðun er í þeim upplýsingum niður á útgjaldaliði þótt eflaust sé áætlunin sem framfærslan byggir á gerð á grunni sundurliðaðra upplýsinga.

² Heimild: Útgjaldaáætlanir viðkomandi skóla

4 Aðferðafræði

Við val á aðferðafræði við ákvörðun og uppfærslu framfærslugrunns er nauðsynlegt að hafa í huga þá eiginleika sem framfærslugrunnurinn þarf að búa yfir og fjallað var um í kafla 2. Nauðsynlegir eiginleikar eru að grunnurinn sé ásættanlegur mælikvarði á hóflega framfærslu námsmanna og að geta þjónað sem viðmið vegna lánveitinga. Þá er æskilegt að þægilegt sé að bæta við mögulegum nýjum námsstöðum sem og að uppfæra grunninn á milli ára.

Sænski lánasjóðurinn áformar að leggja af ákvörðun framfærslugrunns fyrir einstök námslönd og miða þess í stað við innlendan framfærslugrunn. Ljóst er að slík aðferð er þægileg í vinnslu. Góðar upplýsingar liggja fyrir um aðstæður heima fyrir og auðvelt að uppfæra slíkar upplýsingar á milli ára. Eins og vikið verður að þá uppfyllir slík aðferð varla þá eiginleika sem vikið var að hér að framan.

4.1 Viðmið til mats á framfærslu

Að mati Analytica eru nokkrir kostir í stöðunni varðandi ákvörðun framfærslugrunns fyrir námsmenn erlendis. Við mat á öllum þeirra er hins vegar þörf á viðmiði við það sem rétt gæti talist á gefnum tímamarki. Sú aðferð sem Analytica valdi að fara varðandi viðmið um framfærslu var sú að gera könnun meðal valinna háskóla erlendis þar sem algengt er að íslenskir námsmenn stundi nám. Framkvæmdin var eftirfarandi:

- 1) Fenginn var listi hjá LÍN yfir þá skóla sem námsmenn stunda nám við um þessar mundir þar sem fram kom fjöldi námsmanna.
- 2) Tekið var úrtak 35 skóla þar sem algengast var að námsmenn dvelji.
- 3) Fyrir hvern hinna 35 skóla var leitað eftir upplýsingum um áætlaða framfærslu á heimasíðu viðkomandi skóla. Áætlanir háskólanna eru gjarnan byggðar á könnun meðal námsmanna.
- 4) Sendur var tölvupóstur á hvern skóla með tilvísun í heimasíðu skólans þar sem óskað var eftir sögulegum gögnum í sama dúr 10 ár aftur í tímann. Einungis í einu tilviki fengust sögulegar upplýsingar nokkur ár aftur í tímann. Hins vegar bárust í einhverjum tilvikum leiðréttingar á þeim upplýsingum sem voru kynntar á heimasíðum.
- 5) Á grunni upplýsinga frá einstökum skólum var tekið saman yfirlit yfir áætlaða framfærslu sundurliðað niður á húsnæðiskostnað, matarútgjöld og persónuleg útgjöld og bækur og föt. Í nokkrum tilvikum þurfti að leita frekari sundurliðana á útgjöldum vegna húsnæðis og matar þar sem nokkuð algengt er að slíkar upplýsingar séu teknar saman í einni lið (e. room and board).
- 6) Smíðað var reiknilíkan sem setti upplýsingar frá einstökum skólum í samhengi við útgjöld og/eða einingaverð á einstökum liðum skv. upplýsingum af vefsíðu numbeo.com. Tilgangur þessa var í upphafi sá að kanna hversu góð samsvörun væri á milli þessara upplýsinga. Góð samsvörun er tekin sem hátt gæðamat á upplýsingar en mikill munur á niðurstöðu reiknilíkans og upplýsinga frá skóla tekin sem ábending um að kanna nánar upplýsingar frá skóla og upplýsingar numbeo.com.

Framangreint vinnulag leiddi síðan til leiðréttinga á upplýsingum frá einstökum skólum, m.a. með öflun upplýsinga frá öðrum skólum á sama stað eða með frekari upplýsingaöflun frá sama skóla.

Vefsíðan numbeo.com geymir gagnagrunn fyrir einingaverð á ýmsum neysluvarningi fyrir tæplega 5000 borgir víða um heiminn. Gagnagrunnurinn er byggður upp á grunni upplýsinga sem notendur vefjarins setja inn sjálfir á sínum forsendum (e. crowd sourced). Forsvarsmenn vefjarins fullyrða að um sé að ræða heimsins stærsta gagnasafn sinnar tegundar. Hugmyndin byggir á því að sem flestir setji inn upplýsingar og að marktækar upplýsingar um viðkomandi verð fáist í krafti meðaltals mikils fjölda talna. Stofnandi vefjarins, hr. Mladen Adamovic er fyrrum starfsmaður Google. Aðspurður segir hann að notaðar séu sjálfvirkar og hálf sjálfvirkar aðferðir til að sía burtu villur í gögnunum.³

Aðferðafræði numbeo.com virkar trúverðug. Vandamál koma hins vegar upp ef ekki er nægilegur fjöldi fólks sem lætur í té upplýsingar. Þannig má t.d. nefna að 121 aðili hafa sett inn 905 verð fyrir

³ Adamovic vísar til nánari upplýsinga hér http://www.numbeo.com/common/motivation_and_methodology.jsp

Reykjavík sl. 18 mánuði.⁴ Þá er vefurinn tiltölulega ungur en hann hefur verið í gangi síðan 2009. Gera má ráð fyrir að það taki tíma fyrir vefinn að öðlast sess og gera má ráð fyrir að festi vefurinn sig í sessi þá muni gæði upplýsinga fara síbatnandi. Þannig virðist Analytica sem nýjar upplýsingar á vefnum séu nokkuð góðar en hið sama sé ekki hægt að segja um sögulegar upplýsingar sem þar er að finna. Þá virðast koma upp gagnavandamál vegna ónógs fjölda einingaverða fyrir sumar borgir.

Eins og segir í 6. punkti hér að framan þá var smíðað reiknilíkan byggt á gögnum af numbeo.com og framfærsluáætlana skóla. Þau viðmiðunargögn sem tekin eru af numbeo.com ná til 29 borga í 16 löndum. Þá ná framfærsluáætlanir háskólanna til 35 skóla. Þannig er ljóst að í sumum borgum eru fleiri en einn skóli, flestir í Kaupmannahöfn eða 3 en 2 skólar í 4 borgum. Notuð eru öll verð af numbeo.com fyrir þær borgir sem athuginin nær til nema fyrir húsnæðisliðinn þar sem miðað er við hlutfall af verði 3 herbergja íbúðar utan miðborgar.

Gerð reiknilíkansins tók mið af því að það yrði eins einfalt og unnt væri. Það er í 3 liðum og vegnir eru saman útgjaldaliðirnir húsnæði, matur, afþreying, samgöngur og persónuleg útgjöld og föt og bækur. Líkaninu má lýsa þannig að tekin eru 42,8% af húsnæðislið auk 44,4% af matarlið og 2,25 faldra útgjalda til fata eins og þessir liðir eru teknir af numbeo.com. Þetta er einfalt en samtölurnar sem teknar eru af numbeo.com eru þó vegnar saman skv. vogum sem numbeo.com notar en þær eru 42 alls.

Tafla 2: Framfærsluáætlanir skóla og niðurstaða líkans⁵

Skóli	Borg	Land	Mynt	Húsnæði		Matur o.fl.		Föt og bækur		Samtals	
				Skóli	Líkan	Skóli	Líkan	Skóli	Líkan	Skóli	Líkan
CBS	Kaupmannahöfn	Danmörk	DKK	5 500	4 473	3 167	3 703	1 375	1 123	10 042	9 299
Danmarks Tekniske Universitet	Kaupmannahöfn	Danmörk	DKK	4 250	4 473	3 298	3 703	800	1 123	8 348	9 299
Københavns Universitet	Kaupmannahöfn	Danmörk	DKK	6 250	4 473	3 050	3 703	436	1 123	9 736	9 299
Aarhus Universitet	Aarhus	Danmörk	DKK	2 650	2 745	2 650	3 565	252	1 138	5 552	7 449
Universitetet i Oslo	Osló	Noregur	NOK	5 556	5 490	5 111	5 288	2 667	1 473	13 333	12 251
Chalmers Tekniska Högskola	Gautaborg	Svíþjóð	SEK	3 500	3 271	3 160	3 811	1 000	1 207	7 660	8 289
Göteborgs Universitet	Gautaborg	Svíþjóð	SEK	3 400	3 271	3 210	3 811	1 500	1 207	8 110	8 289
Malmö Högskola	Malmö	Svíþjóð	SEK	3 900	2 958	3 650	3 590	1 150	1 026	8 700	7 574
Universitetet i Stockholm	Stokkhólmur	Svíþjóð	SEK	3 500	4 168	3 760	4 183	1 000	1 259	8 260	9 609
London - National Union of Students	London	Bretland	GBP	683	750	652	398	146	90	1 480	1 238
Imperial College	London	Bretland	GBP	580	750	420	398	144	90	1 144	1 238
England - National Union of Students	Aðrar borgir	Bretland	GBP	537	330	652	344	146	73	1 335	747
University of Brighton	Brighton	Bretland	GBP	428	447	370	336	40	91	838	874
University of Sussex	Sussex	Bretland	GBP	447	447	475	336	105	91	1 027	874
University of Edinburgh	Edinborg	Bretland	GBP	454	315	386	341	108	79	948	735
Sorbonne	París	Frakkland	EUR	700	654	283	467	150	122	1 133	1 243
Universitet van Amsterdam	Amsterdam	Holland	EUR	488	517	505	418	143	131	1 135	1 065
TU Delft	Delft	Holland	EUR	500	382	280	361	100	175	880	919
Instituto Europeo di Design (Italy)	Mílano	Ítalíu	EUR	750	513	400	398	110	122	1 260	1 033
Comenius University/Jessenius	Bratislava	Slóvakía	EUR	300	252	170	246	30	88	500	585
IE University	Madrid	Spánn	EUR	350	383	348	333	135	107	833	823
ETH	Zurich	Sviss	CHF	907	941	800	812	280	205	1 987	1 957
Universität Zürich	Zurich	Sviss	CHF	690	941	1 045	812	280	205	2 015	1 957
University of Debrecen	Debrecen	Ungverjaland	EUR	75	104	240	200	20	73	335	377
Berliner Technische Kunsthochschule	Berlín	Þýskaland	EUR	298	342	316	337	98	116	712	795
Universität der Künste Berlin	Berlín	Þýskaland	EUR	350	342	332	337	82	116	764	795
Leibniz Universität Hannover	Hannover	Þýskaland	EUR	290	241	479	396	90	100	859	738
Boston University	Boston, MA	BNA	USD	985	981	663	525	130	118	1 778	1 623
New York University	NY, NY	BNA	USD	984	1 420	511	597	200	126	1 695	2 142
University of Minnesota	Minneapolis, MN	BNA	USD	950	554	244	473	111	97	1 305	1 125
Caltech	Pasadena, CA	BNA	USD	1 017	822	608	433	420	104	2 045	1 360
University of Toronto	Toronto	Kanada	CAD	888	752	677	563	233	129	1 798	1 444
Kyushu University	Fukuoka	Japan	JPY	40 000	51 991	42 500	55 995	27 500	11 915	110 000	119 900
Waseda University	Tokyo	Japan	JPY	104 000	102 451	60 500	60 156	25 000	13 153	189 500	175 760
Háskóli Íslands	Reykjavík	Ísland	ISK	90 000	68 168	89 637	78 099	10 122	29 423	189 759	175 690

⁴ Sjá hér http://www.numbeo.com/cost-of-living/city_result.jsp?country=Iceland&city=Reykjavik

⁵ Heimild: Einstakir háskólar og útreikningar Analytica. Þessi tafla er byggð á gögnum sem notuð voru við hönnun líkansins.

Segja má að tafla 2 feli í sér viðmið til mats á framfærslu í formi áætlana einstakra skóla. Reiknilíkanið veitir síðan ákveðið öryggi þar sem það hengir saman utanaðkomandi upplýsingar af vef numbeo.com. Upplýsingarnar í töflu 2 leiða í ljós að það er ákveðin óvissa um framfærslu í hverri borg og hverju landi því niðurstöður skólanna eru mismunandi. Reiknilíkanið er hins vegar nær meðaltali fyrir hverja borg þegar reiknað er meðaltal þeirra skóla sem birta áætlanir. Segja má að reiknilíkanið feli í sér samræmda aðferð til að áætla framfærslugrunn þar sem markmiðið sé að vera eins nálægt áætlun skóla og unnt er með einföldu líkani.

Í töflu 2 birtist í reynd annað viðmið en áætlanir skólanna, þ.e. niðurstaða reiknilíkansins. Niðurstaða reiknilíkansins getur veitt ákveðna sjálfstæða innsýn en unnt er að bera niðurstöðu þess saman við samþykktu framfærslu erlendis. Slíkar niðurstöður eru dregnar fram í töflu 3 sem tekur saman meðaltöl fyrir borgir og lönd eftir því sem unnt er og samþykktu framfærslu LÍN. Niðurstöður í töflu 3 eru reyndar fundnar með því að bæta við upplýsingum frá 13 háskólum, aðallega í BNA.

Tafla 3: Meðaltal áætlana skóla, niðurstaða reiknilíkans og samþykkt framfærsla LÍN⁶

Borg	Land	Mynt	Húsnæði		Matur o.fl.		Föt og bækur		Samtals		LÍN
			Skóli	Líkan	Skóli	Líkan	Skóli	Líkan	Skóli	Líkan	
Kaupmannahöfn	Danmörk	DKK	5 333	4 473	3 172	3 703	870	1 123	9 375	9 299	9 179
Aarhus	Danmörk	DKK	2 650	2 745	2 650	3 565	252	1 138	5 552	7 449	9 179
	Danmörk	DKK	4 663	4 041	3 041	3 669	716	1 127	8 420	8 837	9 179
Oslo	Noregur	NOK	5 556	5 490	5 111	5 288	2 667	1 473	13 333	12 251	9 342
	Noregur	NOK	4 352	5 150	4 657	5 412	1 278	1 375	10 287	11 937	9 342
Stokkhólmur	Svíþjóð	SEK	3 500	4 168	3 760	4 183	1 000	1 259	8 260	9 609	9 979
	Svíþjóð	SEK	3 575	3 417	3 445	3 849	1 163	1 175	8 183	8 440	9 979
London	Bretland	GBP	631	750	536	398	145	90	1 312	1 238	1 247
	Bretland	GBP	521	507	493	359	115	86	1 129	951	1 122
Dublin	Írland	EUR	769	534	400	475	250	103	1 419	1 112	1 332
París	Frakkland	EUR	700	654	283	467	150	122	1 133	1 243	1 362
Amsterdam	Holland	EUR	488	517	505	418	143	131	1 135	1 065	1 210
	Holland	EUR	494	450	393	389	121	153	1 008	992	1 210
Milano	Ítalía	EUR	750	513	400	398	110	122	1 260	1 033	1 409
Bratislava	Slóvakía	EUR	300	252	170	246	30	88	500	585	1 070
Madrid	Spánn	EUR	350	383	348	333	135	107	833	823	1 229
Zurich	Sviss	CHF	798	941	923	812	280	205	2 001	1 957	2 655
Debrecen	Ungverjaland	EUR	75	104	240	200	20	73	335	377	1 370
Berlín	Þýskaland	EUR	324	342	324	337	90	116	738	795	1 170
	Þýskaland	EUR	313	308	376	357	90	111	778	776	1 170
Ivy league	BNA	USD	1 076	1 035	944	520	246	109	2 266	1 664	2 033
	BNA	USD	1 020	867	593	513	173	105	1 785	1 485	1 800
Toronto	Kanada	CAD	888	752	677	563	233	129	1 798	1 444	1 776
	Kanada	CAD	844	603	472	555	138	127	1 453	1 284	1 776
Tokyo	Japan	JPY	104 000	102 451	60 500	60 156	25 000	13 153	189 500	175 760	200 352
	Japan	JPY	72 000	77 221	51 500	58 075	26 250	12 534	149 750	147 830	200 352
Reykjavík	Ísland	ISK	90 000	68 168	89 637	78 099	10 122	29 423	189 759	175 690	184 348

Miðað við það úrtak áætlana háskóla sem liggur fyrir og dregið er saman í töflu 3 að í sumum tilvikum er samþykkt framfærsla LÍN nokkuð nærri lagi í nokkrum tilvikum virðist hún vel rifleg en í einhverjum tæp, s.s. fyrir Noreg og suma skóla í BNA. Taflan er hins vegar engan vegin tæmandi og tilgangur hennar hér að varpa ljósi á möguleika í aðferðafræði. Þá eru hvorki fullkomnar áætlanir háskólanna né reiknilíkanið. Reykjavík er hér sýnd til fróðleiks en þar er stuðst við framfærsluviðmið velferðarráðuneytisins.

⁶ Heimild: Einstakir háskólar, útreikningar Analytica, Úthlutunarreglur LÍN 2014-2015 ásamt útskýringum og dæmum.

Aðalniðurstaðan hér er eftirfarandi: Framfærsluáætlanir háskólanna eru gagnlegt og marktækt viðmið og samhengi þeirra áætlana við gögn um verðlag í viðkomandi borgum er skýrt. Niðurstaða reiknilíkansins endurspeglar það en líkanið útskýrir um 95% af breytileika í áætlunum háskólanna. Reiknilíkanið felur þannig í sér samræmda hlutlæga aðferð til að áætla framfærslugrunn í hinum ýmsu borgum út frá upplýsingum um einingaverð á vef numbeo.com.

4.2 Möguleikar í aðferðafræði

Í kafla 4.1 var fjallað um viðmið á það hvort ákvörðun framfærslugrunns fyrir námsmenn erlendis sé viðeigandi, þ.e. feli í sér ásættanlega nálgun á hóflegri framfærslu og geti þjónað sem viðmið vegna lánveitinga. Tvö viðmið eru möguleg: **(1)** Áætlanir háskóla um framfærslu og **(2)** niðurstaða reiknilíkans. Þessi tvö viðmið eru reyndar hvort um sig einnig möguleg sem aðferðafræði við mat á framfærslu en ekki eingöngu sem mælistika á aðra mælikvarða. Gallinn er hins vegar sá að bæði þarfnast þau talsverðrar gagnaöflunar. Aðgengi að forsendum fyrir reiknilíkanið er þó gott hjá numbeo.

Nokkrar aðrar aðferðir koma til álita en það virðist óhjákvæmilegt að geta metið hversu góð nálgun þær séu. Til þess henta áætlanir háskólanna vel. Í þeim tilvikum þar sem ekki liggja fyrir áætlanir háskóla er unnt að beita reiknilíkaninu til að útbúa áætlun sem er í þokkalegu samræmi við það sem búast mætti við.

Helstu aðrar aðferðir felast í framreikningi. Grunnur slíks framreiknings gæti t.d. verið samþykkt framfærsla LÍN. Hins vegar hefur komið fram að samþykkt framfærsla LÍN þarfnist endurskoðunar. Má þar t.d. vísa til samanburðar í töflu 1 við framfærsluáætlanir CSN. Samanburðurinn í töflu 3 staðfestir þetta en einnig að innbyggt misræmi kunni að vera enn meira en talið var. Samanburður áætlana skóla og líkans í formi landsmeðaltalna og framfærslu LÍN og CSN er sýndur í töflu 4 fyrir þau 16 lönd sem úrtak Analytica náði til.

Tafla 4: Samanburður á framfærslu LÍN og CSN við áætlanir skóla og niðurstöðu líkans⁷

Land	Mynt	LÍN	CSN	Skólar	Líkan	Frávik frá mati skóla		
						LÍN	CSN	Líkan
Danmörk	DKK	9 179	8 617	8 420	8 837	9%	2%	5%
Noregur	NOK	9 342	9 556	10 287	11 937	-9%	-7%	16%
Svíþjóð	SEK	9 979	9 004	8 183	8 440	22%	10%	3%
Bretland LDN	GBP	1 247	1 051	1 312	1 238	-5%	-20%	-6%
Bretland	GBP	1 122	1 051	1 129	951	-1%	-7%	-16%
Írland	EUR	1 332	1 441	1 419	1 112	-6%	2%	-22%
Frakkland	EUR	1 362	1 354	1 133	1 243	20%	20%	10%
Holland	EUR	1 210	1 179	1 008	992	20%	17%	-2%
Ítalía	EUR	1 409	1 506	1 260	1 033	12%	20%	-18%
Slóvakía	EUR	1 070	983	500	585	114%	97%	17%
Spánn	EUR	1 229	1 136	833	823	48%	36%	-1%
Sviss	CHF	2 655	1 403	2 001	1 957	33%	-30%	-2%
Ungverjaland	EUR	1 370	940	335	377	309%	181%	13%
Þýskaland	EUR	1 170	918	778	776	50%	18%	0%
BNA A	USD	2 033	2 149	2 266	1 664	-10%	-5%	-27%
BNA B	USD	1 800		1 785	1 485	1%	-100%	-17%
Kanada	CAD	1 776	1 975	1 453	1 284	22%	36%	-12%
Japan	JPY	200 352	207 787	189 500	175 760	6%	10%	-7%
Meðalfrávik						35%	15%	-4%


⁷ Heimild: Samanburður á norrænu lánasjóðunum 2014-2015, LÍN 2014, áætlanir skóla og útreikningar Analytica.

Af töflu 4 má ráða að framfærsluviðmið CSN virðist ekki fullkomlega rétt í ljósi samanburðarins við áætlanir skóla. Ath. þó að líkan Analytica hefur tilhneigingu til að vanmeta framfærslu í BNA og Kanada þótt það skýri ágætlega breytileikann milli borga. Meðalfrávik líkansins er ekkert ef skólar í BNA og Kanada eru undanskildir. Unnt er að betrumbæta líkanið með einföldum hætti verði ákveðið að nota það að einhverju leyti sem viðmið eða til áætlanagerðar.

Álykta má af framansögðu að hvorki samþykkt framfærsla LÍN né CSN henta sem **grunnur** til framreiknings. Þá standa eftir þrjár möguleikar: **(1)** Að afla áætlana um framfærsluútgjöld frá fleiri háskólum í fleiri löndum. Sú greining Analytica sem hér er gerð grein fyrir nær til rúmlega fjórðungs þeirra landa sem afla þarf upplýsinga fyrir. **(2)** Að beita reiknilíkani til að áætla framfærslu. **(3)** Að blanda saman aðferðum. Afla upplýsinga frá skólum þar sem nemendur eru margir en styðjast annars við reiknilíkan og samanburð þess við samþykktu framfærslu LÍN og/eða CSN.

Einn möguleiki hefur ekki enn verið ræddur, sá að byggja á innlendum framfærslugrunni. Sökum óstöðugleika í efnahagsumhverfinu hefði slíkt gefist illa í fortíðinni, a.m.k. frá sjónarhóli námsmanna. Þá er framfærslukostnaður afar mismunandi á milli borga, jafnvel innan sama lands. Sænski lánasjóðurinn, CSN, áformar að breyta yfir í innlent framfærsluviðmið. Þetta er án efa vegna hagræðis í ákvörðun og uppfærslu. Þá hafa Svíar ekki búið við sama óstöðugleika og verið hefur landlægur héraendis. Vænlegasta leiðin væri að beita sk. PPP raungengisreikningi á innlendan framfærslugrunni. Niðurstaða slíkra reikninga er hins vegar sú að erlend framfærsla sem byggð er á innlendum grunni sveiflast mikið.

Mynd 2: Mismunandi aðferðir við ákvörðun og uppfærslu framfærslugrunns



Á mynd 2 hér að framan er sýnd samantekt á kostum og göllum þeirra fjögurra helstu aðferða sem koma til greina við ákvörðun framfærslugrunns og uppfærslu hans. Það er niðurstaða Analytica að leið 4, þ.e. að byggja á núverandi samþykkrri framfærslu, sé ótæk sökum uppsafnaðrar skekkju. Beiting

hennar fæli í sér óskilvirka notkun fjármagns og mælikvarðinn ótrúverðugur. Hún væri hins vegar einföldust í framkvæmd.

Hvað áhrærir leið 3 þá er það álit Analytica að hún feli í sér óhóflegar sveiflur í framfærslugrunni sem auðveldlega geta numið tugum prósentu frá einu ári til annars ef dæma má af sögulegri reynslu. Eftir standa þá leiðir 1 og 2.

Það er mat Analytica að þörf sé á góðu viðmiði og traustasti grunnurinn sem unnt er að byggja á séu áætlanir einstakra háskóla um framfærsluútgjöld. Sú leið felur í sér að afla þarf talsverðs magns af viðbótarupplýsingum. Vinnan er hins vegar líkleg til að nýtast til langs tíma. Hugmyndin er þá sú að framfærslu sem ákvörðuð yrði á slíkum grunni væri tiltölulega einfalt að uppfæra á grunni undirvísitalna samræmdrar vísitölu neysliverðs (HICP) og undirvísitalna vísitalna neysliverðs þar sem samræmd vísitala er ekki tiltæk. Tiltölulega gott aðgengi er að slíkum upplýsingum, t.d. á vef evrópsku hagstofunnar Eurostat.

Á línuritum á mynd 3 sem þekur næstu 2 bls. má sjá samanburð á samþyktri framfærslu LÍN fyrir árin 2005-2014 og ferli sem byggður er á bakreikningi út frá áætlun erlendra háskóla fyrir námsárið 2014-2015 og þróun undirvísitalna samræmdrar vísitölu neysliverðs (HICP). Áætluð framfærsla sem gerð er á grunni bakreiknings á framfærsluviðmiðum erlendu skólanna er mun stöðugri en samþykkt framfærsla LÍN á tímabilinu. Einnig má sjá að í flestum tilvikum hefur LÍN ofmetið framfærslu undanfarin ár í samanburði við áætlanir háskólanna. Í sumum tilfellum er um að ræða ofmat allan sl. áratug.

Bakreikningur sem byggður væri á tíðræddu reiknilíkani kæmi út á áþekkan veg. Þar sem línuritin eru svo áþekkt þeim sem sjá má á mynd 3 er ekki ástæða til að endurtaka þau.

4.3 Tillögur


Á grunni framangreinds þá gerir Analytica þá tillögu að framfærslugrunnur í upphafi fyrir námsárið 2015-2016 verði byggður á framreikningi áætlana einstakra háskóla fyrir yfirstandandi námsár, 2014-2015. Framreikningurinn verði byggður á undirvísitölum samræmdrar vísitölu neysliverðs í takt við þá aðferð sem beitt er á mynd 3.⁸ Jafnframt verði gerður samanburður við reiknilíkan það sem hér hefur verið kynnt fyrir sömu lönd. Fyrir lönd þar sem áætlanir háskóla eru ekki fáanlegar mætti byggja á umræddu reiknilíkani. Samanburður á áætlunum háskóla og niðurstöðu reiknilíkans auðveldar að koma auga á atriði í áætlunum skóla sem ekki eru meðhöndluð með sambærilegum hætti á milli landa og mögulega leiðréttu fyrir því ef ástæða er til.

Samanburðurinn á mynd 3 leiðir í ljós að líklega er um umtalsverða hagsmuni fyrir bæði LÍN og námsmenn erlendis að ræða. Líklegt er að hagsmunir LÍN nemi hundruðum m.kr. á ársgrundvelli. Verði fyrirsjáanlegt að endurskoðun framfærslugrunns leiði til mikilla breytinga á framfærslu námsmanna erlendis er mögulegt að taka milliskref sem feli í sér aðlögun að nýju mati sem þá kæmi til framkvæmda yfir t.d. 2 ára tímabil.

Aðrar útfærslur en sú sem hér er mælt með eru framkvæmanlegar en þremur öðrum er lýst í grófum dráttum á mynd 2 í kafla 4.2 hér að framan og texta í kringum hana.

⁸ Þar sem upplýsingar um verðbreytingar fyrir námsárið 2015-2015 koma ekki til með að liggja fyrir í febrúar verður nauðsynlegt að áætla verðbreytingar fyrir það tímabil með einhverjum hætti. Markvissast er að slík áætlun sé gerð kerfisbundið og sé einföld í framkvæmd. Þegar rauntölur liggja fyrir yrði nauðsynlegt að uppfæra gögnin og síðan gera nýja áætlun fyrir námsárið þar á eftir. Verði ákveðið að fara þessa leið þá setur Analytica fram nákvæma lýsingu á þessu ferli.









Mynd 3: Samanburður á samþykktri framfærslu LÍN 2005-2014 og bakreikningi m.v. áætlanir skóla⁹



Rauði ferillinn á myndunum er samþykkt framfærsla LÍN en sá **blái** er byggður á meðaltali áætlna einstakra háskóla fyrir skólaárið 2014-2015 sem mynda grunn að bakreikningi m.v. þróun undirvísitalna samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP). Síðasta línuritíð á mynd 3 sýnir til samanburðar þróun framfærslu fyrir Ísland og sambærilegan bakreikning.

⁹ Heimild: Einstakir skólar, Úthlutunarreglur LÍN frá 2005-2015, útreikningar Analytica.

Mynd 3. frh.



Heimildaskrá

Ársskýrsla LÍN fyrir árin 2006-2006

Úthlutunarreglur LÍN fyrir árin 2007-2008 til 2014-2015

Lög nr. 7/1967 um námslán og námsstyrki (fallin úr gildi)

Frumvarp til laga nr. 7/1967

Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna

Frumvarp til laga nr. 21/1992

Samanburður á norrænu lánasjóðunum 2014-2015, vinnuskjal - drög, LÍN 2014

Gögn um einingaverð o.p.h. af vefnum numbeo.com

Vefir einstakra háskóla

CBS, <http://www.cbs.dk/en/continuing-education/mba/full-time-mba/admissions/funding-your-mba>

Danmarks Tekniske Universitet, <http://www.dtu.dk/english/Education/International-Student-Guide/For-admitted-students/Living-expenses>

Köbenhavns Universitet, <http://sufonama.eu/admission/economy/> og <http://globalhealth.ku.dk/students/living-in-denmark/living-costs/>

Aarhus Universitet, <http://bss.au.dk/education/studies-and-student-life/living-in-denmark-aarhus-herning/>

Universitetet i Oslo, <http://www.uio.no/english/student-life/budget/>

Chalmers Tekniska Högskola, <http://www.chalmers.se/en/education/living-in-gothenburg/Pages/Cost-of-living.aspx>

Universitetet i Stockholm, <https://studyinsweden.se/life-in-sweden/cost-of-living/>

Göteborgs Universitet, http://www.iagg.pol.gu.se/Practical_information/

Malmö Högskola, <http://mah.se/student/exchange/costofliving>

National Union of Students, www.nus.org.uk/en/advice/money-and-funding

Imperial College, London, <http://www3.imperial.ac.uk/studentfinance/livingcosts>

University of Brighton, <http://international.studentcalculator.org/>

University of Sussex, <http://www.sussex.ac.uk/study/money/livingcosts>

University of Edinburgh, <http://www.ed.ac.uk/studying/international/finance/cost-of-living>

Sorbonne, <http://www.nus.edu.sg/iro/sep/partners/pu/france/paris-sorbonne.html>

Universitet van Amsterdam, <http://www.uva.nl/en/education/master-s/finance/living-expenses/living-expenses.html>

TU Delft, <http://studenten.tudelft.nl/index.php?id=68603&L=1>

Instituto Europeo di Design (Italy), <http://www.dreamfoundation.eu/institutions/institution/15>

Comenius University/Jessenius, tölvupóstur

IE University, <http://www.ie.edu/university/student-life/living-in-madrid/cost-life/>

ETH, Zurich, <https://www.ethz.ch/en/the-eth-zurich/welcome-center/services-and-downloads/cost-of-living.html>

Universität Zürich, http://www.uzh.ch/studies/studentlife/finances_en.html

University of Debrecen,
http://englishstudies.sci.unideb.hu/index.php?option=com_content&task=view&id=95&Itemid=45

Berliner Technische Kunsthochschule, <http://www.study-in-berlin.org/berlin-living-costs/>

Universität der Künste Berlin, http://www.udk-berlin.de/sites/content/e177/e88/e619/e621/e2721/infoboxContent2744/E-Allgemein082014_eng.pdf

Leibniz Universität Hannover, <http://www.international.uni-hannover.de/lebenshaltungskosten.html?&L=1>

Boston University, <http://www.bu.edu/sed/admissions/graduate-students/costs-and-tuition/>

New York University, <http://www.nyu.edu/global/global-academic-centers/florence/admitted-students/costs-budgeting.html>

University of Minnesota,
http://onestop.umn.edu/finances/costs_and_tuition/cost_of_attendance/index.html?year=2014-15&residency=resident&program=undergrad&CSOM=false

Caltech, https://www.gradoffice.caltech.edu/documents/151-2013-14_estimated_budget_graduate_students.pdf

University of Toronto, <http://cie.utoronto.ca/Coming/Living-Here/Cost-of-Living.htm>

Kyushu University, http://www.econ.kyushu-u.ac.jp/english/admission/info_05.php

Waseda University, <http://www.nus.edu.sg/iro/sep/partners/pu/japan/waseda.html>

Háskóli Íslands - Neysluviðmið velferðarráðuneytis, <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/>